

Alþingi
Erindi nr. P 143/336
komudagur 21.11.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2013

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) styður umsögn Geðhjálpur um tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar, þingskjal 89 - 89. mál.

Máli þessu til stuðnings vísar ÖBÍ í samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þar stendur í 25. gr. lið b) að aðildaríkin skuli bjóða fram þá heilbrigðisþjónustu sem fatlað fólk þarfnast, einkum vegna fötlunar sinnar. Hún á meðal annars að fela í sér snemmbæra greiningu og inngrip og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og framast er kostur og koma í veg fyrir frekari fötlun. Einnig kemur fram í lið c) að fyrrnefnda heilbrigðisþjónustu eigi að bjóða eins nálægt samfélögum fólks og frekast er unnt, þar með talið í dreifbýli.

Öryrkjabandalag Íslands vill að lokum benda á að nauðsynlegt er að hafa náið samráð við notendur og hagsmunasamtök þeirra við framkvæmd þessarar mála ef þingsályktunartillagan nær fram að ganga.

Virðingarfyllt
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Ellen Calmon formaður